

## Fundargerð

### 177. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 18. desember 2012 kl. 12<sup>15</sup> – 14<sup>20</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Íris Gunnarsdóttir  
Halldór Haraldsson (HH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Breytingar um lagaákvæði um raftæki og raftækjaúrgang
- (3) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (176. fundar).

#### 2. Breytingar á lagaákvæðum um raftæki

ÓK rifjaði upp að á síðasta fundi var farið yfir drög að áætlun um kostnað við söfnun og úrvinnslu raftækjaúrgangs og nauðsynlegt úrvinnslugjald til að standa undir meðhöndlun á rr-úrgangi. Helst er að nefna þróun í álögðu magni rr-tækja og skilahlutfalli rr-úrgangs. Sýndur var kostnaður við úrvinnslu í líkaninu og annar kostnaður við rekstur kerfisins og einnig rætt um nauðsynlega sjóðsmyndun vegna hugsanlegs kostnaðar Úrvinnslusjóðs sem fylgdi nýjum vörflokki rr-úrgangs.

Ítrekaði var að við endanlega ákvörðun á tillögum um úrvinnslugjald til ráðherra þarf m.a. að hafa í huga eftirfarandi forsendur og stjórn ræddi á fundinum:

Þróun í álögðu magni á næstu árum.

Þróun skilahlutfalls á næstu árum. Þarf að ná 45% skilahlutfalli árið 2016 miðað við innflutning á raftækjum síðustu þriggja ára þar á undan.

Mat á úrvinnslukostnaði s.s. greiðslum til þjónustuaðila fyrir flutninga og ráðstöfun.

Einnig hefur komið fram á stjórnarfundum að verð á þessum úrgangi til enduvinnslu hefur farið hækkandi á heimsmarkaði undanfarið.

Mat á öðrum kostnaði.

Stjórn ræddi uppskiptingu tollnúmera ef lítill þungi viðkomandi tækis er rafbúnaður, t.d. rennibekkur þar sem er lítill rafmótor, en að öðru leiti gert úr málm. GGP ítrekaði að UAR yrði að vera meðvitað um þennan vanda við að leggja úrvinnslugjald miðað við kg á vöru á viðkomandi tollnúmer vegna rr-tækja.

Stjórn ræddi sjóðsmyndun á næstu árum í samhengi við tímasetningar á endurskoðun á úrvinnslugjöldum og kröfunnar um að eiga í sjóði sem nemur 3ja mánaða rekstri vörflokksins.

GGP minnti á að halda til haga kostnaði sem þegar hefur fallið til án þess greiðsla hafi borist vegna starfa Stýrinfndar og setja það með upplýsingum til UAR

Á síðasta fundi kom fram ósk um að kostnaður við núverandi kerfi yrði borinn saman við fyrirhugað Úrvinnslusjódskerfi. Lagt var fram á fundinum minnisblað um hugsanlegan ávinning atvinnulífsins af því að færa rr-úrgang undir umsjón ÚS. BS óskaði eftir samanburði ef hægt væri á kostnaði (gjaldskrá) við núverandi kerfi við að ná innsöfnun rr-úrgangs úr 20% í 45% og því að Úrvinnslusjóði sé falin umsjón við kerfið. BG taldi að með því að taka saman minnisblað um uppsafnaðan kostnað við núverandi kerfi, þ.e. kostnaður við rekstur stýrinfndar, stjórnunar- og jöfnunarkostnaður hjá verktökum skilakerfanna og skilakerfanna sjálfra leiði þennan mismun í ljós. Jafnframt yrði minnisblaðið látið fylgja með sem ítagagn við tillögu um úrvinnslugjald til ráðherra UAR. ÓK falið að taka saman minnisblaðið um fortíðarvanda.

Stjórn taldi ekki hægt að ljúka umræðu um upphæð úrvinnslugjalds á rr-tækjum í Tolli fyrir en frumvarp um meðhöndlun rr-úrgangs lægi fyrir.

*Stjórn samþykkti að láta UAR vita bréflaga af því, að vinnu sé nær lokið við tillögu að úrvinnslugjaldi en það vanti nánari upplýsingar frá UAR, til að formleg tillaga berist frá Úrvinnslusjóði um gjaldtöku. Formanni falið að senda bréfið.*

### **3. Önnur mál**

Nýjir ráðstöfunaraðilar vegna endurvinnslu á rafhlöðum.

Hringrás hf. hefur óskað eftir að fá samþykktu sem ráðstöfunaraðila fyrir rafhlöður:

*Stjórn samþykkir ráðstöfunaraðilana.*

Næsti fundur ákveðinn 15.janúar 2013.

Fundi slitið kl 14:20